

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

*Gufunes, áfangi 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. febrúar 2019, nýtt deiliskipulag fyrir Gufunes. Um er að ræða fyrsta áfanga í skipulagi Gufunessvæðisins. Um er að ræða áhugavert og spennandi svæði fyrir kvikmyndarþorp í tengslum við blandaða byggð, þ.m.t. íbúðir. Jafnframt er myndaður sterkur rammi almenningsvæðis utan um sveigjanlega og sjálfsprottna byggðarþróun, með áherslu á að þar geti þróast forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. febrúar 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2019